

# Fréttabréf Mílu

5. tbl. feb. 2008

Kjarnastarfsemi Mílu ehf. er að byggja upp og reka fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Önnur fjarskiptafyrirtæki tengjast þessu neti í gegnum mismunandi lausnir. Hlutverk Mílu ehf. er að selja lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi. Míla ehf. sérhæfir sig m.a. í rekstri og ráðgjöf vegna fjarskiptakerfa, aðstöðuleigu fyrir upplýsingatækni og annarri þjónustu við dreifikerfi.



## Míla leigir listaverk Guðrúnar Öyahals

Gerður hefur verið samningur við Guðrúnu Öyahals listamann, um leigu á nokkrum listaverka hennar. Samningurinn hljóðar upp á átta verk á veggjum Mílu, til eins árs.

Þegar Míla var stofnuð var farið í miklar endurbætur á höfuðstöðvum fyrirtækisins. Tekin var ákvörðun um að leigja listaverk af Guðrúnu þar sem skreyta þurfti veggj skrifstofuhúsnæðisins. Þetta fyrirkomulag gefur Mílu sveigjanleika og fjölbreytni í útliti fyrirtækisins og möguleika á að skipta við ólíka listamenn á hverjum samnings tíma fyrir sig.

Þessi leið gefur listamanninum einnig tækifæri til að sýna verk sín á ólíkum stöðum og í ólíku umhverfi, sem viðbót við hin hefðbundnu sýningarhús. Listamaðurinn getur á samningstímanum selt verk sín þótt þau séu í leigu og skipt þeim út fyrir önnur. Því má segja að það sé fjöldi verka sem er samningsbundinn, en ekki verkin sjálf.

Guðrún Öyahals er fyrsti listamaðurinn sem gerður hefur verið samningur við. Hún er þekktust fyrir privíddarverk, skúlptúra og lágmyndir, en málverk eru einnig hluti af hennar verkum. Hún notar oft iðnaðarefni í verk sín, s.s. rafmagnsvíra, nagla, sand og fleira og því er vel til fundið að hafa verk hennar á veggjum Mílu.



Á myndinni má sjá listamanninn Guðrúnu Öyahals og Evu Magnúsdóttur, forstöðumann Sölu og markaðar hjá Mílu, við undirskrift samningsins.

## Lyklar að símsstöðvum og tækjahúsum – bætt þjónusta Mílu

Áður þurftu mörg fjarskiptafyrirtæki að greiða fyrir fylgd í símsstöðvar og tækjahús Símans. Stefna Mílu er að allir viðskiptavinir sitji við sama borð hvað þetta varðar og því var mikilvægt að afnema þetta fyrirkomulag.

Frá 1. febrúar hefur verið gerð sú breyting að viðskiptavinir geta fengið afhenta lykla að símsstöðvum og tækjahúsum Mílu og þjónustustýring Mílu sér um að afhenda lyklana.

Viðskiptavinur hefur samband við þjónustustýringu í síma 585 6400, þar upplýsir hann hvaða rými hann þarf að komast inn í og getur hann, hvenær sem er sólarhrings, nálgast lykla að viðkomandi rými hjá Mílu að Stórhöfða 22-30.

Fjarskiptafyrirtækin gefa upp nöfn og kennitölur þeirra aðila sem heimilt er að afhenda lykla og þurfa þeir að vera samþykktir af Mílu. Breytingar þarf að tilkynna til Mílu. Kvitta þarf bæði fyrir móttöku og skilum á lykklum.

## Bætt þjónustustig á landsbyggðinni

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur Míla gert samstarfssamninga við tvo aðila á landsbyggðinni, Snerpu á Ísafirði og Geisla í Vestmannaeyjum. Samningarnir fela í sér að þessi tvö fyrirtæki taka að sér þjónustu sem starfsmenn Mílu sáu áður um í viðkomandi landshlutum.

Samningunum fylgja ýmsir kostir. Þeir gera fyrirtækjunum Snerpu og Geisla kleift að vaxa og þróast og einnig fá heimamenn tækifæri til að takast á við krefjandi verkefni. Með samningunum fjölgar þeim starfsmönnum sem viðskiptavinir Mílu geta leitað til á stöðunum og mun það bæta þjónustustig Mílu til muna. Einnig hefur samnýting á húsnæði og mannskap augljós samlegðaráhrif fyrir Mílu.

Breytingin mun hafa jákvæð áhrif fyrir alla aðila sem að málinu koma, hvort sem það eru fyrirtæki á landsbyggðinni, viðskiptavinir Mílu eða Míla sjálf.



Á myndinni má sjá Matthildi Helgadóttur framkvæmdastjóra Snerpu og Pál Árna Jónsson framkvæmdastjóra Mílu við undirskrift samstarfssamnings fyrirtækjanna.